

Minnisblað til borgarráðs

Reykjavík 4. september 2018

Undirrituð, sviðsstjóri Menningar- og ferðamálasviðs, vill upplýsa borgarráð um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna í Reykjavík (UMFR) og á samstarfi við fyrirtækið Guide to Iceland (GTI).

Breytingarnar felast í að ljúka samstarfi við GTI um sölu- og bókunarstarfsemi í Ráðhúsi Reykjavíkur sem og að leggja niður UMFR í Ráðhúsi Reykjavíkur í núverandi mynd og færa upplýsingamiðlunina alfarið yfir á rafrænt form.

Tilgangur breytinganna er margþættur. Einna helst er með þessu verið að mæta gjörbreyttu umhverfi frá því að Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Reykjavík var fyrst sett á laggirnar árið 1987. Til að mynda sinna nú ýmsir aðilar í ferðapjónustu almennri upplýsingamiðlun og bókunarþjónustu, ólíkt því sem áður var, auk þess sem upplýsingamiðlun almennt og þjónusta er í auknum mæli að færast á netið. Um leið er markmiðið að ná fram hagræðingu og draga úr fyrirsjáanlegum auknum kostnaði við rekstur UMFR sem óbreytt starfsemi og samstarf hefði kallað á.

Fyrirhugað er að breytingarnar komi til framkvæmda á næstu mánuðum og hefur starfsfólk UMFR verið upplýst um þær. Samstarfi við GTI í Ráðhúsi Reykjavíkur lýkur í sátt beggja aðila.

Um þessar mundir er verið að taka fyrstu skrefin að vinnu við nýja ferðamálastefnu fyrir Reykjavíkurborg en liður í þeirri vegferð felst í frekari skilgreiningu á hlutverki borgarinnar í upplýsingamiðlun til ferðamanna með það að leiðarljósi að skerpa sýn og forgangsraða verkefnum með hliðsjón af því.

Virðingarfyllt,

Arna Schram
Sviðsstjóri Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar.